



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi fylgd úr frístundaheimilinu Neðstalandi í íþróttastarf

Á 200. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. febrúar 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um hvort að ekki sé fylgd fyrir börn frá frístundaheimilinu Neðstalandi í íþróttastarf á þeim tíma sem frístundaheimilið er opið.

Svar:

Frístundaheimilið Neðstaland bauð börnum í 1. bekk upp á fylgd í íþróttastarf á vegum Víkings frá upphafi skólaárs í ágúst 2020 og til 17. nóvember sama ár. Eftir þann tíma gengu börnin sjálf á milli Neðstalands og æfinga og liggur leiðin, sem er um 650 metrar, eftir göngustíg alla leið. Aftur var farið af stað með fylgd í janúar 2021 eftir að hömlum vegna Covid-19 var aflétt og æfingar hófust að nýju, en fljótlega fóru börnin aftur að fara sjálf á milli staða.

Fyrirkomulagið í dag er þannig að börnum sem eru að fara á æfingu hverju sinni er safnað saman í Neðstalandi og þau ganga síðan í hópi eftir göngustíg í Víkina þar sem tekið er á móti þeim. Starfsfólk í Neðstalandi tekur svo á móti hópnum, þ.e. þeim sem eiga að koma til baka en það eru ekki allir, þegar hann kemur til baka af æfingum.

Fjöldi barna í 1. bekk á vorönn 2021 sem sækja æfingar hjá Víking á opnunartíma Neðstalands:

Vikudagur	Æfing hefst	Fjöldi	Lok æfingar	Fjöldi
Mánudagur	Kl. 14.30	20	Kl. 15.30	20
Þriðjudagur	Kl. 14.30	10	Kl. 15.30	10
Miðvikudagur	Kl. 14.30	7	Kl. 15.30	4
	Kl. 15.40	4	Kl. 16.30	0
Fimmtudagur	Kl. 14.30	11	Kl. 15.30	11
Föstudagur	Kl. 14.30	8	Kl. 15.30	4
	Kl. 15.40	4	Kl. 16.40	0

Í samstarfi við Víking hefur verið lagt upp með það verklag að Neðstaland muni frá og með hausti 2021 bjóða upp á fylgd fyrir börn í 1. bekk út október ár hvert til að tryggja að börnin hafi fengið góða þjálfun og leiðbeiningar áður en þau ganga leiðina án fylgdar. Þannig verður megináhersla lögð á að gera börnin sjálfbjarga varðandi ferðir til og frá æfingum.